



Hreppsnefnd 10. maí 2001

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðhrepps 10. maí 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 10. maí 2001 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson, Ólafur Sigmarsson. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 26. apríl sl. Farið var yfir fundargerðina og kom fram athugasemd um orðalag í síðustu málgrein ályktuninnar. Að teknu tilliti til athugasemdarinnar kom fram tillaga um að málsgreinin verði svona: “Þá á sér stað mikil atvinnuuppbygging tengd laxeldi í sjó á Austurlandi, þar sem mjög auðvelt er að ná í þekkingu og fjármagn. Vopnafjörður er útilokaður frá því að vera þátttakandi í þessari uppbyggingu vegna nálægðar við laxveiðiárnar.” Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða og fundargerðin.

2. mál. Fundargerð menningamálanefndar frá 8. maí sl. Fundargerðin rædd en að öðru leyti er hún lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð húsnefndar Miklagarðs frá 9. maí sl. Fundargerðin rædd en að öðru leyti er hún lögð fram til kynningar.

4. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 4. maí sl. Fundargerðin rædd en að öðru leyti lögð fram til kynningar.

5. mál. Hámundarstaðir I-III, sala, nót og jörð. Skýrði sveitarstjóri málið og hvernig best er að standa að sölu jarðanna með eða án nótar eða sitt í hvoru lagi. Lagt fram álit Fasteignamiðstövarinnar frá 10 maí 2001.

Lögð var fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir fyrirbyggjandi kautilboð í uppkaup á nótarréttindum fyrir landi Hámundarstaðar I-III. Samþykkt þessi er þó gerð með þeim fyrirvara að ásættanlegt tilboð fái í jörðina og hlunnindarétt hennar að öðru leyti.

Hreppsnefndin samþykkir því jafnframt að auglýsa strax eignina til sölu án nótarréttinda. Í framhaldi verði gengið frá málinu í heild sinni fáið viðunandi tilboð að mati hreppsnefndar. Miðað er við að hraða málinu sem kostur er.”

Emil Sigurjónsson lét bóka að hann tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslunni um málið þar sem hann er í forsvari fyrir það félag sem er þátttakandi í væntanlegum kaupum á nótinni.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt.

Sveitarstjóra falið að svara bréfi sem barst varðandi fyrirspurn um sölu Hámundarstaða I-III og áhuga viðkomandi um kaup á hluta eða allri jörðinni.

6. mál. Vegamál, tillaga um að færa framkvæmdir “Vegaskarð-Langidalur” fram fyrir “Vegaskarð-Biskupsháls.” Miklar umræður urðu um vegamálin og framkvæmd þeirra í náinni framtíð. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til næsta fundar.

7. mál. Kaupvangur, framkvæmdir, framvinda. Greinargerð, lögð fram til kynningar, frá Hjörleifi Stefánssyni, arkitekt, um væntanlega framvindu í viðgerðum á Kaupvangi. Lýstu hreppsnefndarmenn ánægju sinni með þessar greinargóðu upplýsingar sem fram koma í henni.

8. mál. Markaðsskrifstofa Austurlands, samstarfssamningur, staðfesting. Samþykkt samhljóða.

9. mál. Hótel Tangi hf., bréf frá skiptastjóra, varðandi tilboð. Lagt fram til kynningar og sveitarstjóra falið að vinna í málinu.

10. mars. Hagstofa Íslands, búferlaflutningar janúar til mars 2001. Lagt fram til kynningar.

11. mál. Lónabraut 19, fyrirspurn bréf dags. 2. apríl sl. Sveitarstjóra falið að svara fyrirspurninni.

12. mál. Sýslumaður á Seyðisfirði, umsögn um gistiheimili í Vatnsdalsgerði.

Tillaga að umsögn:

“Í Vatnsdalsgerði hefur verið rekið gistiheimili um árabíl. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur ekkert við það að athuga, enda liggja fyrir öll tilskilin leyfi frá umsagnaraðilum þar um.” Tillagan samþykkt.

13. mál. Samkomulag um brunavarnir, nefndarskipan, bréf slökkviliðsstjóra frá 8. maí sl. Samþykkt að skipa sveitarstjóra sem fulltrúa Vopnafjarðarhepps í nefndina.

14. mál. Vopnfirðingar virkja, stefnumótun í atvinnumálum 2001-2006. Hreppsnefnd samþykkir stefnumótun í atvinnumálum árána 2001-2006.

15. mál. Skipun nefndarmanns í atvinnumálanefnd og menningamálanefnd.

Tilnefndur var Guðmundur W. Stefánsson í atvinnumálanefnd, og Inga Geirsdóttir tilnefnd í menningamálanefnd.

16. mál. Atvinnumál: Vinnuskóli, sumarstörf o.fl. Sveitarstjóri skýrði stöðu atvinnumála í sveitarfélaginu í sumar. Samþykkt var að starfsemi vinnuskóla og skólagarða yrði með svipuðu sniði í sumar eins og á síðasta sumri, þó með þeirri breytingu að miðaða yrði við að 10. bekkingar og eldri fengju vinnu fram yfir miðjan ágúst. Kynntur var kjarasamningur milli Launanefndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands. Aðlaga þarf gildandi kjarasamning milli sveitarfélagsins og Verkalýðsfélags Vopnafjarðar þessum samningi. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu.

17. mál. Bréf áhugamanna um byggingu hótels á Merkistúni. Óskað er eftir viðræðum við sveitarstjórn um byggingu hótels. Sveitarstjóra falið að hafa samband við aðila málisins.

18. mál. Ýmislegt:

a) Stefnumótun í menningamálum á landsbyggðinni, Seyðisfirði 14. og 15. maí 2001. Samstarfssamningur sveitarfélaga í tengslum við samning ríkis og sveitarfélaga.

Málið rætt og skýrði Ólafur Sigmarsson frá fundi sem hann sat 9. maí sl. ásamt sveitarstjóra. Sveitarstjóra falið að undirrita samningana.

b) Aðalfundur SSA. Vopnfirðingar hafa tekið að sér að halda hann 2001

Sveitarstjóri skýrði frá því að eftir athugun væri niðurstaðan sú að erfitt væri að fá gistingu fyrir fundarmenn eins og ástandið væri í þeim málum nú. Ef aðalfundur yrði haldinn hér á Vopnafirði þarf því að vinda bráðan bug á því að finna lausn á málinu. Sveitarstjóra og oddvita falið að kanna hvort framkvæmanlegt sé að halda fundinn hér við þessar aðstæður.

c) Erindi Björgunarveitin Vopni-Örn. Erindið frá 9. maí sl. varðandi veðurstöð. Málið rætt og síðan vísað til næsta fundar.

Fleira var ekki rætt og þakkaði oddviti fundarmönnum góða fundarsetu og sleir fundi.